

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 05.09.2024

Verkefnaráð	1
Umsjónarkerfi fyrir leikskóla og frístund – Verkefni í vanda	2
Afgreiðslukerfi MÍR	4
Rafræn samþykki	6
Umræður	7
Önnur mál	8

Verkefnaráðsfundur 05.09.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 5.9.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Ólafur Sólimann Helgason, Ásta Þöll Gylfadóttir, Arna Ýr Sævarsdóttir, Helen Símonardóttir, Sunna Guðrún Sigurðardóttir, Halla María Ólafsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir og Búi Bjarmar Aðalsteinsson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Miðvikudagur 5.september 2024, kl. 10:00 – 11:30, 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling

10:05–10:20 Umsjónarkerfi fyrir leikskóla og frístund – verkefni í vanda : Helen, Sunna og Halla

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:40 Afgreiðslukerfi MÍR: Lára A.

10:40–10:45 Umræður

10:45-11:00 Rafræn samþykki – Búi Bjarmar

11:00-11:05 Umræður

11:05-11:20 Skor í fylki

11:15-11:25 Umræður

11:25-11:30 Önnur mál

11:30 Fundi slitið

Umsjónarkerfi fyrir leikskóla og frístund – Verkefni í vanda

Umsjónarkerfi hafa verið í notkun og þróun síðastliðin 15 ár í samstarfi við Advania, núverandi samningur við Advania er útrunninn og ný innkaup því nauðsynleg.

Umsjónarkerfi fyrir leikskóla, vetrarfrístund, sumarfrístund og mataráskrift er skóla- og frístundasviði og menningar- og íþróttasviði afar mikilvæg. Umsjónarkerfi heldur utan um öll börn í ofangreindri þjónustu borgarinnar, þar er tekið á móti umsóknum, haldið utan um biðlista, haldið utan um viðveru barna í vistun/notkun, er samskiptaleið (sjálfvirk og handvirk), þar eru teknar út skýrslur, tölfræði og gögn og síðast en ekki síst mikilvæg fyrir reikningagerð. Með verkefninu verður stutt undir stafræna vegferð innri ferla Reykjavíkurborgar með því að gera umsóknir og ferla skilvirkari og sjálfvirkari fyrir starfsmenn, stjórnendur og forsýraðila.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma

- Jafnréttisskimun er í vinnslu
- Samþykkja í verkefnaráði
- Innkaupaskrifstofa hefur sent út óskir um umsóknir í samkeppnisviðræður og forval hefur farið fram. eru það tveir aðilar sem fá útboðslýsingu í september
- Unnið með hagsmunaaðilum að gerð kröfulýsingar
- Staðfestur skilningur fjármálastjórnar SFS á rekstrarkostnaði á kerfinu

Með verkefninu á m.a að:

Halda utan um allar upplýsingar um barnið sem skráð er í kerfin og allir sem koma að barninu hafa á einfaldan hátt aðgang að öllum þeim upplýsingum sem þarf, hvort sem það er viðveruskráning barnanna, breytingar á vistun, upplýsingar fyrir reikningagerð o.fl.

Væntur ávinningur/ábati:

Ábati við slíkt umsjónarkerfi er fyrst og fremst skilvirkni í samskiptum um vistun barnsins og vinnusparnaður starfsfólks á öllum starfsstöðvum og gott utanumhald.

Vonir standa til að ná megi fram hagstæðum samningum við birgja.

Upplýsingar:

- Verkefnið sem áður var samþykkt hjá verkefnaráð og nefnt var **Kerfið Vala – úboð** hlaut samþykki verkefnaráðs 14. desember 2023
- Verkefnið lendir í vanda vegna þess að Advania hefur selt InfoMentor öll Völu- og Innukerfi en Advania var annar tveggja aðila sem úrskurðaður var hæfur til þátttöku í yfirstandandi útboð. Eftir stendur því einungis einn aðili en InfoMentor var ekki þátttakandi í úboðinu.
- Ekki er hægt að uppfylla lög um opinber innkaup þar sem þátttakendur eru ekki nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni í samkeppnisviðræðum.

Óskað er eftir:

Að verkefnaráð taki ákvörðun um áframhald verkefnisins út frá tillögum um næstu skref:

- Byrja innkaupaferli upp á nýtt
- Breyta verkefni
- Setja verkefnið á bið
- Loka núverandi verkefni

Niðurstaða verkefnaráðs:

Loka núverandi verkefni og verkefnastjóri gerir lokaskýrslu. Stafrænn leiðtogi fer í nýja forgreiningu með sínu sviði, kemur aftur fyrir verkefnaráð með hana.

Nr.	Ákvörðun
1	Loka núverandi verkefni

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga og verkefnastjóra verkefnis um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Afgreiðslukerfi MÍR

Stofnanir menningar- og íþróttasviðs eru í dag að vinna í þremur afgreiðslukerfum. Tvö af afgreiðslukerfunum eru ekki með virka samninga og samningur vegna þriðja kerfisins er á framlengingu. Því er tækifæri nú að finna betri lausn sem þjónar sviðinu í heild, er hagkvæmari í rekstri og notendavænni. Eins er hagræðingarkrafa mikil á svið og stofnanir borgarinnar og sjáum við tækifæri á hagræðingu við val á nýrri lausn og eins möguleika á tekjuaukningu með markvissari vörusölu hjá safnbúðum borgarinnar.

Búið er að gera:

- Árið 2021 fór verkefni af stað með greiningarvinnu þar sem reynt var að koma söfnum inn í BRP system. Búum að þeirri reynslu
- Áskorunarrámmi 2024
- Vinnustofa með hagaðilum 2021 og 2024
- Forgreining með þjónustuhönnuði 2021
- Notendaviðtöl 2021 og 2024
- Hagaðilagreining
- Ábatagreining

Með verkefninu á m.a að:

- Finna eitt kerfi sem getur leyst fyrri kerfi af hólmi. Verkefnið kemur sundlaugum, Ylströnd, söfnum, Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og skíðasvæðum í eina lausn.
- Söfnin fá birgðakerfi sem eflir safnbúðir og sölustýringu.
- Betri greiningar, bætt ferli vegna uppgjöra og færsluhirðingu, aðgangsstýring og viðlíka áskoranir varða sviðið í heild en ekki stakar stofnanir.
- Fá öruggara kerfi þar sem öryggi núverandi kerfis er ábatavant sbr. skýrslu frá vörustjóra BPR system.

Væntur ávinningur/ábati:

- Öruggara kerfi

- Lækkun þjónustugjalda vegna hugbúnaðar
- Betri þekking og samvinna stuðla að bættri menningu og betri samvinnu hjá stofnunum sviðsins

Tímarammi: 12 mánuðir með innleiðingu

Áætlaður kostnaður: 25,8 m.kr

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir fullum stuðningi ÞON um að finna góða og örugga lausn fyrir sviðið með stuðningi í gegnum útboðsferlið.
- Óskað er eftir verkefnastjóra frá ÞON til að leiða útboðsvinnuna, helst sama verkefnastjóra og vinnur að MÍR kortinu þar sem mikil þekking hefur orðið til í því verkefni sem hægt er að nýta áfram.
- Óskað er eftir aðkomu skrifstofu þjónustuumbreytingar þegar þarfir eru greindar bæði út frá rekstri og þjónustu stofnanna.
- Óskað er eftir sérfræðialiti frá ÞON um hvaða lausn/lausnir henti verkefninu best og aðkomu tæknilegs vörustjóra að verkefninu eftir þörfum (tæknileg högun og samþættingar á milli kerfa).
- Þjónustu UTR við að koma nýju kerfi/kerfum í rekstur eftir útboð.

Tegund verkefnis: Fjárfestingaverkefni

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni ekki samþykkt eins og lagt fyrir verkefnaráð. Fasaskipta skal verkefninu í þarfagreiningu, útboðsferli og svo innkaup og innleiðingu.

Koma skal aftur fyrir verkefnaráð með ítarlegri forgreiningu og ábatamat sem unnin er af stafrænum leiðtoga og MÍR.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni ekki samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MÍR um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og teymisstjóra stafrænna leiðtoga um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Rafræn samþykki

Innleiðing rafrænna undirritana hefur gengið vonum framár og komist í víðtæka notkun þvert á borgina. Þá voru 79.883 undirritanir framkvæmdar á síðasta ári.

Rafrænar undirritanir bera nokkurn kostnað og í einhverjum tilvikum óþarfi að nota fullgildar rafrænar undirritanir og eðlilegt að nota annarskonar samþykki eða auðkenningar sem eru ódýrari.

Tryggja þarf að samþykki eða auðkenning skjala sé í takti við eðli máls og beri kostnað í samræmi við það.

Búið er að gera:

- Kynna verkefni fyrir gróðurhúsi og UTR
- Kynna verkefni fyrir lagateymi
- Móta teymi verkefnis (stafrænn leiðtogi, lögfræðingur, vörustjóri)

Með verkefninu á m.a að:

Markmið verkefnisins er tvíþætt:

1. Móta/smíða/finna aðgengilegar samþykktar leiðir sambærilegar undirritun.reykjavik.is
2. Leggja fram leiðbeiningar um notkun á undirritunum og samþykktum

Í framhaldi þarf að fá svið til að taka afstöðu til sinna mála, móta verklag og kynna á hverju sviði fyrir sig.

Væntur ávinningur/ábati:

Á síðasta ári voru yfir 90 þúsund undirritanir sem er frábær árangur og til marks um víðtæka notkun. Nú er kominn tími á að fjölga þeim leiðum sem eru færar við samþykkisveitingu aðrar en fullgildar rafrænar undirritanir. Þar sem hver fullgild kostar 97 krónur.

Ef við gefum okkur að helmingur undirritana væri hægt að leysa með öðrum leiðum gætu sparast 4 milljónir á ári sem og tímasparnaður starfsfólks.

Tímarammi: 5 mánuðir / 20 vikur

Áætlaður kostnaður: 3,2 m.kr.

Óskað er eftir:

- Fjármögnun upp á 3,2 m.kr. til uppsetningar á samþykktarleið hjá Gróðurhúsi eða að öðrum kosti aðkeypt þjónusta

- Tími annars starfsfólks – stafrænn leiðtogi, vörustýring og lögfræðiteymi

Næstu skref:

- Funda innanhúss varðandi mögulegar lausnir
- Setja upp tímalínu með þróunarteymi

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefni ekki samþykkt eins og lagt var upp með fyrir verkefnaráð. Heimild er gefin til þess að fara af stað með leiðarvísi inná sviðin um hvað skuli undirrita og hvað ekki. Vörustjóri þarf að fylgja eftir þróun kerfisins og koma með áætlun. Greina þarf betur kostnað varðandi þróun og vörustýringu og koma aftur fyrir verkefnaráð með kostnaðaráætlun og ábatamat á næsta ári ef niðurstaðan er sú að aukið fjármagn af fjárfestingu þurfi í verkefnið.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni í heild ekki samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga verkefnis um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir teymisstjóra stafrænna leiðtoga og deildarstjóra vef- og vörustýringar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Umræður

Verklag við val á stýrihóp – Tillaga frá Verkefnastofu

Umræða hefur verið um að vöntun sé á starfsmanni frá PON í stýrihóp verkefna. Eftir fundarsetu með teymisstjórum og deildarstjóra verkefnastofu kom sú tillaga fram að Verkefnaráð úthluti einstakling frá PON í stýrihóp stærri verkefna. Verkefnastofa vinnur nú að nýrri skilgreiningu á hlutverki eiganda og stýrihóps í verkefnum, sú vinna er tilkomin vegna þeirrar reynslu sem hefur skapast er varðar ákvarðanatöku í verkefnum.

Ákvörðun verkefnaráðs:

Samþykkt. Þurfum að veга og meta hverju sinni hver hentar í hvert verkefni.

Stýrihópar eiga að vera í stærri, flóknari verkefnum. Metum hvert verkefni hverju sinni.

Biðstofa verkefna - Staðsetning

Verkefnaskrárstjóri leggur til að verkefni sem koma inn til ÞON fari á biðlista hjá verkefnaskrárstjóra í stað þess að fara fyrir verkefnaráð við fyrsta tækifæri. Forgangsröðun verkefna inn á fund hjá verkefnaráði fer því fram líkt og áður í upphafi hjá sviðunum og í framhaldi hjá verkefnaskrárstjóra. Lagt er til að hægja á nýjum verkefnatillögum til verkefnaráðs á meðan ekki er fjármagn til að hefja ný verkefni. Það að hafa biðlista er heilbrigt en teljum við að tími starfsfólks sé betur nýttur ef forgreining verkefna og ítrun á sér stað stuttu áður en verkefni getur hafist. Því sé eðlilegt að biðlisti eftir samþykkt sé ekki mikið lengri en 6 mánuðir til þess að komast hjá tvíverknaði við forgreiningar.

Ákvörðun verkefnaráðs:

Samþykkt

Breyting á fundaröð verkefnaráðs

Vegna fjarveru stafrænna leiðtoga þann 26. september leggjum við til að fundurinn verði færður til 3. október. Í ljósi fjölda og fjármagns verkefna á biðlista leggjum við til að fundir í haust verði á 4 vikna fresti í stað 3ja, það gerir 4 fundi í stað 5 funda í haust. Í vor munum við svo halda áfram með uppteknum hætti á 3 vikna fresti að öllu óbreyttu.

Ákvörðun verkefnaráðs:

Samþykkt

Önnur mál

Fjölgun funda

Lagt var til að endurskoða fundaröð verkefnaráðs og fjölga fundum þess til þess að geta tekið fyrir fleiri mál og veitt aðhald að verkefnum.

Ákvörðun verkefnaráðs:

Verkefnaskrárstjóri fer að teikniborðinu og leggur til breytingar sem hann mun kynna verkefnaráði til samþykktar.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur:

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 3. október 2024.